

LÖG**um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992,
um meðferð sjávarafurða og eftirlit
með framleiðslu þeirra.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir síðasta málslið 1. mgr. 6. gr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð í hvaða tilvikum sé ekki krafist slíkrar aðgreiningar.

2. gr.

Við 22. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra skal ákvarða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli laga þessara.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 krónur. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.